

# Reglugjörð

## um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði.

### 1. gr.

Rafveitan á Patreksfirði selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir til samkvæmt reglugjörð þessari.

### 2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd, með ráði stöðvarstjóra, selja til annara afnota afl það, sem stöðlu getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur stöðvarinnar til ljósa, en þó sjerstaklega þann tíma dags eða árs, sem aflið er eigi notað til ljósa.

### 3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 1. ágúst til 15. maí ár hvert, frá þeim tíma dags, er ljósa gjörist þörf og þar til á morgna að vinnubjart er orðið, en ljósnotendum skal þó heimilt að nota ljósin á öðrum tíma, ef stöðin er í gangi.

### 4. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýna nauðsyn beri til sökum viðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum á þræðina svo fljótt, sem unt er.

Komi það fyrir að vjelarnar af ofangreindum ástæðum sjeu stöðvaðar meira en tvo sólarhringa í senn á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skal draga frá  $\frac{1}{290}$  af árgjaldi fyrir hvern sólarhring sem fram yfir er, en á tímabilinu frá 15. maí til 1. ágúst skal draga  $\frac{1}{500}$  af árgjaldinu hjá þeim notendum, sem nota rafmagn til annars en ljósa, en ekkert hjá öðrum notendum; að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart rafmagnsnotendum á lokun, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum, en skemdir verða bættar svo fljótt sem unt er.

Breytingar og viðgerðir svo og viðtengingar á nýjum línum skulu, að svo miklu leyti sem unt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin starfar ekki.

### 5. gr.

Hver sem óskar að fá nýja rafleiðslu inn í hús sitt eða láta breyta eldri leiðslu skal senda um það skriflega beiðni til formanns rafveitunefndar með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annarar notkunar. Formaður leitar áhlits stöðvarstjóra og leggur síðan umsóknina með athugasemdum fyrir rafveitunefndina, sem ákveður hvort innleiðslan eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Formaður tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar ekki síðar en 3 vikum eftir að umsóknin kom honum í hendur. Áður en byrjað er á verkinu skal umsækjandi með undirskrift sinni skuldbinda sig til að fylgja fyrirætlum þessarar reglugjörður. Pöntun á rafmagni sé bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár.

## 6. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmum alt að 35 metrum, það sem fram yfir er, kostar húseigandi. Sjeu sjerstakir örðugleikar við lagningu húsálmur, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, en ef svo stendur á, skal gera hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram.

Aðalkerfi rafveittunnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

## 7. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld skal setja upp á kostnað umsækjanda af stöðvarstjóra eða öðrum löggiltum rafleiðslumanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd eftir tillögum rafveitunefndar og stöðvarstjóra hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir, innan húss eða utan.

## 8. gr.

Nú hafa raftaugar eða áhöld verið sett í hús eða breyting gerð á eldri leiðslum og má ekki taka innleiðsluna til afnota fyrr en stöðvarstjóri hefir athugað hana og vottað, að hún sje fullnægjandi.

## 9. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka afl úr rafveitunni nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á raftaugum eða öðrum tækjum, sem notuð eru í sambandi við taugar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggji við, samkvæmt lögum.

## 10. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber eftir mætti að sjá um, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á taugar eða tæki í húsi þannig að skemdu (eða hættu) geti valdið á eignum rafveitunnar, t. d. bráðni öryggi eða bilun sjáist á einangrun á leiðslum, skal húsráðandi tafarlaust tilkynna það rafveitunefndinni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utan húss. Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Verði rafmagn notað til suðu eða hitunar ber að gæta þess, að áhöldin sjeu þannig sett, að engin eldshætta stafi af þeim.

## 11. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem eftir áliti hennar eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri,

Hreppsnefndin áskilur rafveitunni einkasölu á lömpum og öðrum rafveituáhöldum eða tækjum sem sett verða í samband við rafveituna.

## 12. gr.

Stöðvarstjóri og rafveitunefnd eða einstakir menn úr nefndinni skulu ætíð hafa frjálstan aðgang alstaðar að rafleiðslum eða áhöldum, sem eru í sambandi við aðaltaugar stöðvarinn-til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

158

3. okt.

## 13. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari eða virðir að vettugi bann eða fyrirskipanir rafveitunefndar, skal þá stöðvarstjóra heimilt, að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

## 14. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Réisi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefnd úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

## 15. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi þriggja manna nefnd, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn; gengur einn maður úr nefndinni árlega, fyrstu tvö skiftin eftir hlutkesti og er kosið í þeirra stað. Stjórnin kýs sjer formann og fjehirði.

Stöðvarstjóri á rjett á að sitja fundi sveitarinnar og taka þátt í umræðum, en atkvæðisrjett hefir hann ekki nema hann sje í nefndinni. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafveitunefndar.

## 16. gr.

Rafveitunefndin annast innheimtu á gjöldum stöðvarinnar. Hún hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu, pantar efni og annað sem þarf að nota í samráði við stöðvarstjóra, hefir eftirlit með rekstri stöðvarinnar og framkvæmd á öllu, sem eigi er öðruvísi skipað fyrir um í reglugjörð þessari, semur ársreikning yfir tækjur og gjöld stöðvarinnar við hver árslok og afhendir hann endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, eigi síðar en 31. janúar. Reikningurinn skal afhentur hreppsnefnd endurskoðaður, eigi síðar en 15. febr.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

## 17. gr.

Hreppsnefnd semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

## 18. gr.

Reglugjörð þessari svo og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

19. gr.

158

3. okt.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 100 krónum nema þyngri hegning liggi við og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitar-sjóð Patrekshrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumátadeild stjórnarráðsins 3. okt. 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Gjaldskrá

159

3. okt.

**fyrir rafveitu Patrekshrepps.**

1. gr.

Verð á rafmagn er um árið:

Fyrir 1 hektowatt . . .	kr. 50,00
— 2 — . . .	— 95,00
— 3 — . . .	— 135,00
— 4 — . . .	— 170,00
— 5 — . . .	— 200,00

og svo krónur 30,00 fyrir hvert hektowatt úr því. Fyrir rafmagn upp að einu hektowatti sje gjaldið hlutfallslega hið sama og fyrir eitt hektowatt, en síðan sje gjaldið fyrir hluta úr hektowatti miðað við næsta hektowatt á undan, þó þannig, að gjaldið fyrir brot úr hektowatti verði aldrei hærra en næsta hektowatt á eftir. Gjaldið er reiknað sjer fyrir hvern straumtakmarkara og sjer fyrir hvert hús, en þó jafnan sjer fyrir hvern notanda, sem hefir eldstó eða »dúk og disk«, hvort sem straumtakmarkari er í húsinu eða ekki.

Þegar rafmagnið er notað eingöngu til ljósa og enginn straumtakmarkari er hafður eða mælir, er verðið miðað við lampafjölda og ljósmagn hjá hverjum notanda. Eitt kertaljós jafngildir einu watt. Verði nokkuð selt eftir mæli verður gjaldið ákveðið með samningi við hvern notanda.

Rafmagn til ljósa í kirkjunni er selt eftir sjerstökum samningi. Þegar einstakir menn eða fjelög fá rafmagn á öðrum tíma en vjelarnar annars eiga að starfa, er verðið auk gjalds til stöðvarstjóra kr. 1,50 um klukkustundina og þó minst kr. 3,00.

Verðlag það, sem að ofan er sett, er hreppsnefnd í samráði við rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 25%.